

14. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 8. febrúar 2000 kl. 15:30 á skrifstofu SORPU, Gufunesi.

Mættir: Pétur Bjarnason, Gunnar Bragason, Jóhannes Pálsson, Ragna Halldórsdóttir, Ásmundur Reykdal og Sif Svavarsdóttir mætti á fundinn.

Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Heimasíða.

Sif, gerði grein fyrir stöðu mála við heimasíðu. Hún væri óðum að komast í það horf, sem stefnt hefur verið að. Vandamál við vistun á síðunni munu leysast á næstu dögum.

Fram kom hugmynd um að útbúinn verði reitur á síðunni, þar sem talið er upp hvað er helst á döfinni hjá félaginu og uppfærast reglulega.

Félagaskrá og innheimta félagsgjalda.

Verið er að undirbúa útsendingu innheimtuseðla vegna félagsgjalda fyrir árið 2000.

J.P. vinnur að frágangi ársreiknings og leggur drög fyrir næsta fund.

(Um aðild ÍSALS; J.P. hefur ekki enn náð í Rannveigu Rist til að fá botn í málið).

Þáttaka í aðalfundi ISWA, 2. júlí n.k.

Ákveðið að fulltrúi FENÚR sækji aðalfund ISWA sem haldinn verður í París þann 2. júlí n.k. Beðið verður með að tilnefna fulltrúa þar til eftir aðalfund. Rögnu falið að senda tilkynningu um þáttöku til Suzanne. Á.R. kanni hvaða mál eru helst á döfinni, t.d. varðandi formannskjörið, hvort norðurlöndin sameinast um tilnefningu til formannsembættisins?

Fundur í Ráðgjafastjórn

Rætt um fund í ráðgjafastjórn FENÚR. Ekki tekinn ákvörðun um dagsetningu þess fundar, en velt upp möguleikum að tengja við aðalfund 31. mars. Málið verður rætt frekar á næsta stjórnarfund.

Fundir starfshópa, upplýsingar til stjórnar FENÚR.

Stjórn FENÚR beinir því til hópstjóra að tilkynna stjórn félagsins um fundarhöld á þeirra vegum. Einnig er æskilegt að heimasíða FENÚR, sé notuð til að tilkynna um fundarhöld á vegum félagsins. Formaður (ritari) sendir bréf til hópstjóra varðandi þetta.

Dagskrá aðalfundar.

Rætt var við Ögmund Einarsson, framkvæmdastjóra SORPU um að hann flytji erindi á ráðstefnu að loknum aðalfundinum, um “Íslensku leiðina” í meðhöndlun lífræns úrgangs. Hann lagði til að Björn Halldórsson, verkfræðistofunni Stuðli, yrði fengin til að fjalla um málið í víðara samhengi, en hann myndi gera, en Björn hefur verið

fenginn til að gera hagkvæmisathugun á þeirri hugmyndafræði, sem þar er sett fram. Tillagan var samþykkt.

P.B. staðfesti að Gunnar Larsen hjá Ú.A. myndi fjalla um úrgangsmál hjá fiskvinnslunni og J.P. staðfesti að Helgi Már Pálsson, Hornafirði, hefði fallist á að hafa framsögu um sorphirðu sveitarfélaga á landsbyggðinni. Eftir er að staðfesta framsögumann um sorpbrennslumál, en I.A. ætlaði að ræða við Halldór Halldórsson, Ísafirði.

Önnur mál.

P.B og R.H. lögðu fram sýnishorn af möppum fyrir kynningargögn FENÚR. Þau athuga málið áfram og kanna verð hjá 3-4 aðilum (prentsmiðjum) fyrir næsta fund. Samþykkt hefur verið að allt að kr.150.000.- megi fara í þennan málaflokk.

R.H. lagði fram nokkur bréf frá ISWA um ýmis mál. Framvegis verða slík bréf lögð fram á stjórnarfundum til lestrar.

Næsti fundur miðvikudaginn 1. mars 2000 kl. 08:30 á skrifstofu SORPU.

Fundi slitið kl. 16:50

Á.R.